



Sveitarfélagið Árborg, kt. 650598-2029, og Ungmennafélag Selfoss, kt. 660269-6659, gera með sér eftirfarandi

Viðauka

við rekstrarsamning um Selfossvöll dagsettan 15. des 2017.

1. gr.

Sveitarfélagið Árborg og Ungmennafélag Selfoss hafa gert með sér samning um rekstur Selfossvallar, íþróttavallarsvæðis Sveitarfélagsins Árborgar, dags. 15. des. 2017 með gildistíma frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2022, þar sem Umf. Selfoss tekur að sér ákveðnar skyldur varðandi rekstur svæðisins, bæði hvað varðar starfsmannahald, orkukaup, flóðlýsingu, upphitun, viðhald o.fl.

Þann 27. september 2021 opnaði nýtt fjölnota íþróttahúss á Selfossvelli. Í húsinu er aðstaða fyrir knattspyrnu, frjálsar íþróttir, lyftinga- og þrekæfingar ásamt göngu- og hlaupahring. Í þessum viðauka við gildandi rekstrarsamning er rekstri nýja íþróttahússins bætt við samninginn með skyldum beggja aðila sem nánar eru tilgreindar í 2. grein.

2. gr.

Umf. Selfoss tekur að sér rekstur nýja íþróttahússins til jafns við önnur íþróttamannvirki á Selfossvelli samkvæmt gildandi samningi, dags. 15. desember 2017. Nánar tiltekið er um að ræða umsjón, starfsmannahald, þríf, minna viðhald og orkukaup.

Fyrir umræddan samning auk reksturs Selfosshallarinnar fær Umf. Selfoss greitt árið 2022 kr. 57.500.000- sem er ætlað að standa undir kostnaði við ráðningu starfsmanns, umsjónar-, þrifa- og orkukaupum ásamt öðru er tengist daglegum rekstri Selfossvallar. Greiðsludreifing út árið 2022 er því samtals kr. 57.500.000- (sjá fylgiskjal 1).

3. gr.

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2022.

Selfossi, 9. maí 2022

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar,

F.h. Ungmennafélags Selfoss með
fyrirvara um samþykki aðalstjórnar

Gísli Halldór Halldórsson,
bæjarstjóri Sv. Árborgar

Helgi S. Haraldsson,
formaður Umf. Selfoss

Vottar:

